

Fundarritari: Krístrún

Dags: 30. september 2025

Tilefni: Skólanefndarfundur

Fundinn sátu: Sigríður Ragna Sigurðardóttir, Margrét Sanders, Pétur Pétursson, Gústav Adolf Bergmann Sigurbjörnsson, Magnús Ingvason, Krístrún Birgisdóttir, Róbert Örvar Ferdinandsson, Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage og Jenný Steinarsdóttir.

Teams: Petra Bragadóttir

Fjarverandi: Edda Benónýsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Skólastarfið:

Magnús fór yfir það helsta sem hefur verið að gerast í skólanum frá upphafi annar. Í dagskólanum eru 848 nemendur, þar af nýnemar 197. Í fjarnámi eru um 1600 nemendur.

Fram undan er kjördæmavika og við munum eiga von á heimsóknum frá stjórnmalamönnum. Sagt var lauslega frá FÁ módelinu er varðar fjarveru kennara og því að aðrir skólar eru farnir að líta til þess fyrirkomulags sem gildir í FÁ varðandi frí kennara.

Sara sagði frá tveimur Erasmus verkefnum sem skólinn tekur þátt í um þessar mundir. Spurt var um hvort eitthvað væri að fréttastofu af námi fyrir sjúkraflutningamenn og svarið varð því nei.

3. Fjármál:

Fjármálastjóri er í veikindaleyfi og spurði Sigríður hver stýrði fjármálum í hennar fjarveru. Magnús svaraði því að hann stýrði alltaf fjármálum skólans óháð því hvort fjármálastjóri væri á staðnum eða ekki. Skólinn var örlítið yfir á áætlun fyrstu sex mánuði ársins sem skýrist aðallega af launahækkunum sem skólinn á eftir að fá bættar. Því þurfti að ganga á fjármagn síðustu ára. Vinna við nýja áætlun stendur yfir. Umsjónarmaður fasteigna og tölvuumsjónarmaður eru að taka saman hvað nauðsynlega þarf að kaupa á næsta misseri.

Spurt var um jafnvægi á milli kennara er varðar yfirvinnu tengdri kennslu í fjarnámi. Magnús sagði að í sumum deildum eins og íþróttum og listgreinum væri ekkert fjarnám og því væru þeir kennarar eingöngu að kenna í dagskólanum. Að öðru leyti er reynt að skipta yfirvinnu á milli þeirra sem hana vilja, eftir því sem hægt er.

4. Nýtt skipurit framhaldsskóla

Rætt var um fyrirhugaðar breytingar á rekstri og fyrirkomulagi framhaldsskóla. Spurt var út í fund sem skólameistarar áttu með ráðuneytinu á Selfossi fyrir nokkru síðan. Í raun og veru er ekkert vitað um hvar þetta verkefni er statt, hvort af því verður eða hver markmiðin séu með breytingum. Rætt vítt og breytt um málefnið.

5. Námskraftur og nýtt íslenskunám:

Ráðuneytið óskaði eftir því við skólameistara að skólinn tæki að sér kennslu fyrir erlenda nemendur sem kæmu til landsins utan innritunartímabils. Kennslan fer fram í húsnæði Námskrafts á Suðurlandsbraut og sem stendur eru sjö nemendur í náminu. Skólinn fær greiddar 20 milljónir fyrir verkefnið á þessu skólaári. Spurt var um fjölda nemenda í Námskrafti sem er 35 á þessari önn. Sigríður sagðist hafa skoðað heimasíðuna og þetta væri mjög flott. Spurt var út í fjölda starfsmanna og hvort þeir væru allir á launum hjá skólanum. Svarið við því er já.

6. Önnur mál

Sigríður spurði hvort skólinn hefði fylgst með gengi dúxa skólans í háskólanámi. Hafði áhyggjur af því hvernig þeim gengi í háskóla, fannst á viðtali sem tekið var við þær eftir útskrift að þær kynnu ekki að tala íslensku. Spurt var hvort erlendir nemendur sem útskrifast sem stúdentar frá skólanum tækju sömu próf og aðrir. Svarið við þessu er já en hluti erlendra nemenda er ekki í hefðbundinni íslensku, heldur íslensku fyrir erlenda nemendur. Ýmsar hliðar málsins ræddar.

Í lok fundar þökkðu fundarmenn fyrir samstarfið. Fundurinn er sá síðasti hjá núverandi skólanefnd.